

Sp.

374. Tillaga til þingsályktunar

[195. mál]

um rannsókn á safnamálum á Íslandi.

Flm.: Inga Birna Jónsdóttir, Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Safnvarðafélags Íslands, Félags háskólakennara, Félags kennaraskólakennara, Arkitektafélags Íslands og Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Auk þess skipi menntamálaráðherra formann nefndarinnar. Skal þessi nefnd rannsaka ástand safnamála á Íslandi og gera tillögur um úrbætur í þeim málum.

Greinargerð.

Nú, þegar byggja skal mikla og dýra þjóðarbókhöfuð, er spurt, hvort ekki sé nauðsynlegt að setja undir eitt þak Landsbókasafn, Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn. Áður en lengra er haldið í þeim málum, er nauðsynlegt að leita álits starfsmanna þessara stofnana svo og þeirra, sem mest þurfa á þeim að halda, svo sem hinna ýmsu háskóladeilda.

Eitt er það safn, sem algerlega vantar, en það er upplýsingasafn eða atvinnubókasafn, þar sem liggja eiga frammi nýjustu tímarit hinna ýmsu atvinnugreina og þar sem safna mætti fræðiritum og bókum um atvinnuvegi og hagfræði þeirra. Slík söfn eru á víð og dreif meðal hinna ýmsu stofnana. Þá er og mikil þörf fyrir tæknibókasafn fyrir hinar ýmsu raungreinar. Hefur verið bent á Safnahúsið við Hverfisgötu, þar sem nú er Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn, sem stað fyrir slíkt safn eða slík söfn.

Fræðslumyndasafnið á að vera miðstöð myndgagna fyrir skólakerfið og staðsett þar, sem af því má hafa full not í skólastarfinu, auk þess sem það safn á að hafa í fótum sínum fjölbreytt úrval fræðslumynda. Kanna ber notagildi safnsins fyrir skólakerfið.

Listasafn ríkisins býr við óviðunandi húsakost, og nauðsyn ber til að sinna húsnæðisvandræðum þeirrar stofnunar hið fyrsta og skal þeim þætti sérstaklega sinni. Slíkri stofnun ber að rækja kynningu myndlistar um allt land. Kanna ber aðstæður safnsins til þess hlutverks.

Hér hefur verið minnst á örfá atriði varðandi safnamálin, en tillagan felur í sér ósk um heildarskipulagningu þeirra á öllu landinu.

Kostnaður við rannsókn þessa og nefndarstörf skal greiddur úr ríkissjóði. Nefndinni skulu sett hæfileg tímatakörk til að skila áliti og tillögum til úrbóta.